



Ársskýrsla 2022



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu.....	2
Frá framkvæmdastjóra Auðhumlu.....	3
Ávarp stjórnarformanns MS og Ísey útflutnings	4
Frá forstjóra MS	5
Fulltrúar deilda Auðhumlu.....	6
Stjórn Auðhumlu	7
Verðlaunahafar 2022.....	8
Mjólkursamsalan ehf. 2022	9
Ísey útflutningur ehf. 2022.....	10
Tölulegar upplýsingar.....	11
Áritun óháðra endurskoðenda.....	14
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	16
Rekstrarreikningur ársins 2022.....	17
Efnahagsreikningur ársins 2022.....	18
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022.....	20
Yfirlit um eigið fé 2022	21
Skýringar	22
Viðauki.....	35



.....

Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Ljósmyndir: Þórhildur Jónsdóttir og Kristjana Jónsdóttir
Ljósmynd af framkvæmdastjóra AH: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

.....

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu

Ágúst Guðjónsson



Það sem hefur einkennt síðustu ár hjá kúabændum er mikill óvissa vegna verðhækkana á aðföngum. Ef horft er til síðustu þriggja ára þá hefur áburður hækkað um 110%, kjarnfóður um 50%, olía um 76% og rúlluplast um 70%. Þetta eru ógnvænlegar tölur og nú hafa stýrivaxta-hækkanir Seðlabanka Íslands bæst við sem hafa komið mjög illa við greinina enda kemur fram í rekstarverkefni RML að meðalskuldir kúabænda í því verkefni eru 122 milljónir í árslok 2021. Ríkisstjórn Íslands ákvað reyndar að koma á móts við íslenska bændur árið 2022 og fór eftir tillögum „sprettshópsins“ sem lagði til aukafjármagn upp á tæplega 2,5 milljarða og jafnframt komu 650 milljónir í sérstakan áburðarstyrk. Aðfangamarkaðir virðast hafa náð einhverju jafnvægi og vonandi förum við að sjá fram á verðlækkunir. Mjólkurverð til bænda hefur hækkað um 30% á þessu þriggja ára tímabili sem er þó lítið ef við horfum til Danmerkur þar sem mjólkurverð hefur hækkað um 80%. Það liggur hins vegar fyrir að það er mikill skekkja í verðlagsgrundvöllum gagnvart kjarnfóðri og fjármagnskostnaði þannig að þessar hækkanir hafa ekki dekkjað þær kostnaðarhækkunir sem kúabændur hafa orðið fyrir. Það þurfa því allir að sameinast í því að þrýsta á ríkisvaldið svo verðlagsgrundvöllur kúabús verði endurgerður og færður til nútímans.

Mjólkurframleiðsla ársins 2022 var 148 milljónir lítra og dróst saman um 0,6% á milli ára. Sala á fitugrunni var 147,2 milljónir lítra en 128 milljónir lítra á próteingrunni þannig að próteinhallinn var rétt um 19 milljónir lítra. Próteinhallinn hefur bein tengsl við tvíhliða tollasamning sem var gerður haustið 2015 við ESB og tók gildi 1. maí 2018. Innflutningur mjólkurafurða hefur aukist um 28% síðan hann tók gildi og þá sérstaklega í ostum. Enda gefa þessir þrír tollasamningar sem eru í gangi aðgang að 12% af íslenska ostamarkaðnum ef horft er á magn en 15% ef horft er á verðmæti. Alengt magn þegar ríki eru að semja sín á milli

varðandi ost er í kringum 2%. Lagt hefur verið í talsverða vinnu innan Mjólkursamsölnunnar til að greina hvernig hægt er að auka verðmætin úr próteini sem selst ekki á innanlandsmarkaði. Til stóð að hefja framleiðslu á kaseini á Sauðárkróki til að auka verðmætin en vinna síðustu mánuði hefur leitt það í ljós að aukin skyrútlutningur frá Íslandi myndi skila meiri verðmætum. Þetta er mjög spennandi verkefni og ef vel tekst til ættum við að geta fullnýtt ESB-kvótann fyrir skyr sem er 4.000 tonn. Síðustu ár hefur landsframleiðsla á mjólk verið mjög stöðug. Nú hefur greiðslumark verið aukið um 4 milljónir lítra á tveimur árum og sala á mjólkurvörum hefur gengið mjög vel. Erfitt rekstrarumhverfi kúabænda og talsverð fækkun í greininni hefur hins vegar vakið upp umræður hvort að framleiðslan nái að fylgja söluþróun mjólkurvara. Þetta þarf að vakta mjög vel og hvetja þarf íslenska kúabændur til að ná að minnsta kosti sínu greiðslumarki til að kerfið vinni rétt og þá verður meiri viðspyrna í kerfinu ef kalla þarf eftir meiri mjólk.

Árið 2022 varð 461 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu svf. en hagnaður upp á 932 milljónir króna árið áður. Það er ljóst að stýrivaxtahækkanir Seðlabanka Íslands hafa verið verulega íþyngjandi enda hækka fjármagnsgjöld samstæðunnar um tæpar 200 milljónir á milli ára. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 53,1%. Fjárhagsstaða þessara fyrirtækja okkar hefur verið á réttri leið sem hefur leitt það af sér að hægt hefur verið að ráðast í auknar fjárfestingar sem er grundvöllur þess að við stöndumst samkeppni og náum að hagræða áfram í greininni. Það liggur fyrir að það þarf að ráðast í byggingarframkvæmdir á Akureyri og Selfossi og undirbúningur þegar hafinn.

Það er margt spennandi að gerast hjá kúabændum. Nú er erfðamengisúrvalið komið í gang og naut komin í notkun á grunni erfðamats. Hvet ég því

alla kúabændur til að taka þátt í þessu verkefni og merkja gripi sína með DNA-merkjum. Til að reyna ná ennþá meiri erfðaframbörum hefur nú verið til umræðu að fara nota kyngreint sæði. RML hefur nú þegar unnið skýrslu um verkefnið og ljóst að verkefnið er ekki einfalt og mörgum spurningum er enn ósvarað. Áætlaður stofnkostnaður er um 200 milljónir og ljóst að ef vel tekst til myndi verkefnið leiða af sér hagræðingu í nautgriparkætt. Það er því mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komi að fjármögnun verkefnisins ásamt ríkisvaldinu.

Eins og oft áður eru verkefni framundan krefjandi og ekki síst í ljósi atburða út í hinum stóra heimi sem engin reiknaði með. Krefjandi verkefnum fylgja hins vegar oft tækifæri sem fáir eru að spá í þegar allt leikur í lyndi. Stjórnmalamenn eru allt í einu farnir að velta fyrir sér orðunum „fæðuöryggi“ og „matvælaöryggi“ og tala fjálglega um að efla innlenda framleiðslu. Orð og efndir fara hins vegar ekki alltaf saman hjá stjórnmalamönnum og því verðum við öll sem komum að íslenskum landbúnaði að sameinast í því að koma kjörnum fulltrúum á hinu háa Alþingi í skilning um að það þarf aukna fjármuni til handa íslenskum landbúnaði til að auka innlenda framleiðslu og mynda umgjörð sem er sambærileg og í nágrannalöndunum. Í því samhengi vil ég nefna að ég haft tækifæri til þess að taka þátt í því undirbúningsstarfi sem hefur átt sér stað við stofnun og mótn á nýjum hagsmunasamtökum fyrirtækja í landbúnaði – SAFL og mótn á tengslum þeirra við grasrót landbúnaðarins. Í slíku ferli verður manni það enn ljósara en áður hversu nauðsynlegt það er að sameina krafta og skerpa einbeitingu aðila við hagsmunagæslu fyrir landbúnaðinn. Þetta er flókið verkefni með marga snertifleti sem krefjast sérþekkingar á mörgum sviðum.

Að lokum vil ég þakka kúabændum, starfsfólki, viðskiptavinum og stjórnnum félaganna fyrir gott samstarf á árinu.

Frá framkvæmdastjóra Auðhumlu

Jóhannes Hr. Símonarson



Ég tók við starfi framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. af Garðari Eiríkssyni þann 1. febrúar 2023. Þó Garðar hafi verið í forsvari Auðhumlu svf. á árinu 2022 varð það að samkomulagi að undirritaður myndi skrifa þennan pistil í ársskýrsluna.

Árið 2022 nam innlögð mjólk alls tæpum 148,0 milljónum lítra á landinu öllu, þar af 131,3 milljónir lítra á starfssvæði Auðhumlu svf. Greiðslumark ársins 2022 var 146,5 milljónir lítra. Í lok ársins 2022 var fjöldi innleggjenda hjá Auðhumlu svf. alls 447 og hafði fækkað um 25 frá árinu á undan. Á árinu urðu þau tímamót að meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda fór yfir 300.000 lítra mörkin miðað við landið allt (300.136 l.), sem er aukning um 13.929 lítra frá fyrra ári. Fjöldi félagsaðila í stofnsjóði voru 508 í lok ársins en þeir voru 536 í upphafi árs.

Deildarfundir Auðhumlu svf. tókst að halda með hefðbundnum hætti um allt land í marsmánuði eftir skýrtna Covid-tíma árin á undan, þar sem slíkir fundir voru haldnir að hluta til með rafrænum hætti. Aðalfundur Auðhumlu svf. 2022 var haldinn föstudaginn 29. apríl í húsnæði MS að Bitruhálsi í Reykjavík. Á aðalfundinum var samþykkt að sam-

eina allar deildir Auðhumlu svf. á Vesturlandi, samtals 3 deildir, í eina Vesturlandsdeild. Eftir þá sameiningu eru alls 14 deildir í samvinnufélaginu Auðhumlu.

Rekstrartekjur móðurfélagsins Auðhumlu svf. námu alls tæpum 15,8 ma. króna sem er aukning um rúmlega 1,7 ma. króna milli ára eða um 12,9%. Þessi hækkun er tilkomin vegna hækkunar á mjólkurverði sem fékst á árinu 2022. Hagnaður félagsins nam tæpum 400 millj. króna sem er lækkun upp á 433 millj. króna milli ára. Hluti af þeirri lækkun er lægri afkoma dótturfélaga upp á 161 millj. króna og einskiptistekjur á fyrra ári vegna upplausnar á eftirlaunaskuldbindingu upp á 248 millj. króna. Að öðru leyti skal vísað til ársreiknings móðurfélagsins.

Að lokum vil ég þakka mjólkurframleiðendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir ánægjuleg kynni og vonast ég eftir áframhaldandi góðum samskiptum. Garðari Eiríkssyni vil ég þakka sérstaklega fyrir þolinmæði og langlundargeð við að leiðbeina eftirmanni sínum um störf framkvæmdastjórans.

Ávarp stjórnarformanns MS og Ísey útflutnings

Elín M. Stefánsdóttir



Lífið samanstendur af sífelldum áskorunum. Það er skýrt að staða stjórnarformanns í stóru fyrirtæki eins og Mjólkursamsalan er getur verið mjög krefjandi áskorun, en jafnframt spennandi og áhrifamikil starf sem getur haft mikil og jákvæð áhrif á fyrirtækið og starfsemi þess.

Á þessum fimm árum sem liðin eru frá því ég var fyrst kjörin stjórnarformaður Mjólkursamsölnunnar hafa ýmsar áskoranir rekið á fjörur mínar, stórar og smáar. Ég er afskaplega stolt af því hvað tekist hefur að sigla fyrirtækinu í gegnum erfiðleikana sem að hafa steðið þessi ár með því öfluga starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu og situr með mér í stjórn fyrirtækisins. Með áframhaldandi samstarfi við þetta góða fólk er ég viss um að við höldum áfram að leysa áskoranir sem mæta okkur með áreiðanleika, hugrekki og áhuga á samstarfi við aðra.

Nú er það ekki svo að allt sé komið á lygnan sjó því áskoranirnar halda áfram að mæta okkur. Síðastliðið ár hefur einkennst af vaxtahækkunum og óvissu vegna stríðsástands í Evrópu. Það er skýrt að starfsemi Mjólkursamsölnunnar er ná tengd rekstri bænda og því mjög mikilvægt að ná samkomulagi milli fyrirtækisins og bændanna sem framleiða mjólkina sem fyrirtækið er byggt á. Það er mikilvægt að halda góðum samskiptum við bændurna og veita þeim stuðning á öllum stigum framleiðsluferilsins.

Starfsemi Mjólkursamsölnunnar er undir opinberu eftirliti verðlagsnefndar og þar með eru

fyrirtækinu settar skorður varðandi afkomu. Við þurfum á því að halda að þeir sem þar sitja hafi skilning á því að fyrirtækið þarf að hafa svigrúm til endurnýjunar og vaxar í takt við vaxandi markað og framleiðslu.

Við þurfum sífellt að huga að framtíðinni í hverju skrefi sem við tökum, hvort sem það snýr að innanlandsmarkaði eða erlendri starfsemi. Innanlandsmarkaðurinn er sístækkandi með auknum ferðamannastraumi og reiknað er með að á yfirstandandi ári verði salan nálægt 149 milljónum lítra, svo greiðslumarkið er hærra en nokkru sinni fyrr. Það er áskorun fyrir bændur að framleiða það magn sem innanlandsmarkaðurinn þarf og áskorun fyrir fyrirtækið að gera sem mest verðmæti úr þeim hluta mjólkurinnar sem ekki selst á innanlandsmarkaði.

Ísey útflutningur hefur starfað í núverandi mynd frá 2018 í sér félagi í eigu sömu aðila og MS (80% í eigu Auðhumlu og 20% í eigu Kaupfélags Skagfirðinga). Stærstur hluti starfseminnar hefur verið að selja skyr í gegnum samstarfsaðila sem framleitt er erlendis, mest hjá Thise í Danmörku. Nú er framleiðsla á skyrri komin í fullan gang hjá Skyr Wales og við höfum tekið yfir allan ferilinn í Bretlandi, frá framleiðslu til sölu í verslanir. Ísey útflutningur keypti á liðnu ári 75% hlut í Skyr Wales og hefur kauprétt á 25% í viðbót og getur þar með átt allt félagið.

Það er nauðsynlegt að feta þennan veg í átt að því að við berum meira úr býtum við sölu á skyrri.

Einnig er í undirbúningi að flytja út meira skyr frá Íslandi og er það liður í því að auka verðmæti þess próteins sem ekki selst á innanlandsmarkaði og nýta þar með þær útflutningsheimildir sem við höfum innan ESB.

Ísey útflutningur hefur keypt alla hluti í Ísey Skyrbar sem rekin hefur verið á stöðvum N1 og víðar. Starfsemin hefur verið færð undir Ísey útflutning og verður nýtt sem markaðstæki þar og hjá söluðeild MS

Að lokum vil ég þakka bændum, stjórnarfólki og starfsfólki fyrirtækisins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Góðar stundir

Elín M. Stefánsdóttir

Frá forstjóra MS

Pálmi Vilhjálmsson



Starfsemi Mjólkursamsölnunnar á árinu 2022 markaðist af afleiðingum og eftirmálum þess ástands sem ríkt hefur undangengin 2 – 3 ár. Heimsfaraldur og síðan stríðsástand í hluta Evrópu hafa haft mikil áhrif á allan aðfanga- og rekstrarkostnað starfseminnar og ekki síður hefur það komið fram hjá mjólkurframleiðendum. Afleiðingar ástandsins sjást skýrt í hækkunum á orkulið, vélbúnaði, varahlutum og viðhaldskostnaði og rekstri flutninga- og dreifingafloða fyrirtækisins. Hjá bændum vigta hækkanir á aðföngum eins og áburði og kjarnfóðri (korni) hvað þýngst. Verðbólga fór að stað af miklum krafti á árinu. Þegar leið á árið lækkaði gengi krónunnar enn fremur m.a. vegna aukinnar eftirspurnar eftir gjaldeyri.

Seðlabankinn brást við með stýrivaxtahækkunum og hafa þeir nú hækkað í 12 skipti samfellt. Vonandi sér nú fyrir endan á þeim en áhrif þeirra koma svo í ljós í rekstri fyrirtækja sem og í samfélaginu öllu í gegnum vaxtastig viðskiptabanka. Þessir liðir sem nefndir hafa verið hér, snerta með beinum og óbeinum hætti fjárhag og afkomu bæði fyrirtækja sem og einstaklinga. Því hefur, eðli máls samkvæmt, myndast þrýstingur á launastig í landinu sem kallað hefur fram miklar launahækkanir í nýjum kjarasamningum til að mæta rýrnun kaupmáttar hjá launafólki. Þetta ástand allt er óneitanlega farið að minna á vixlverkanir hækkanar launa og verðlags hér á árum áður.

Starfsemi Mjólkursamsölnunnar

Í gegnum þessar aðstæður og vegferð, sem hér hefur verið lýst, má segja að starfsemi Mjólkursamsölnunnar hafi þrátt fyrir allt haldist í góðu jafnvægi og sala mjólkurvara gekk vel á liðnu ári. Má í því samhengi segja að það endurspegli stöðu fyrirtækis bænda, eins og MS, í því grundvallarhlutverki að tryggja þjóðinni mikilvæga nauðsynjavöru. Mjólkursamsalan og Mjólkursamlag KS búa við það skipulag verðlagsmála að ríkið hefur aðkomu, með beinum hætti, að ákvörðunum

um lágmarksverð mjólkur til bænda sem og að heilsöluverði helstu vöruflokka mjólkurvara. Smá-söluálagning verslana er hins vegar frjáls.

Í búvörulögum nr. 99/1993, eru sett fyrirmæli um verðlagningu mjólkur til framleiðenda og mjólkurvara á heildsölustigi. Mælt er fyrir um markmið sem stefnt skal að og hvaða stjórn-tækjum heimilt er að beita. Verðlagsnefnd búvara ber, í störfum sínum, ábyrgð á framkvæmd verðlagningar og að unnið sé að því að uppfylla markmið laganna. Því er það grundvallaratriði að farið sé að þessum ákvæðum og m.a. að rekstrarforsendur afurðastöðva séu tryggðar svo þær geti greitt framleiðendum lágmarksverð skv. lögum og kjarasamningum bænda þ.e. gildandi búvörusamningum hverju sinni. Þetta fyrirkomulag, þ.e. aðkoma opinberrar verðlagsnefndar skv. lögum, leiðir af sér að afkoma afurðastöðva verður að taka mið af því að þær geti staðið undir skyldum sínum og séu rekstrarhæfar og sjálfbærar. Rekstrarafkoma MS er afar lág sem hlutfall af veltu og því má ekkert út af bregða svo afkoman verði ósjálfbær. Sýnt er að þetta fyrirkomulag verðlagsmála hefur skilað miklum árangri til samfélagsins alls og ekki síst neytenda. Það sem hvað helst hefur farið úrskeiðis undanfarin ár er að endurskoðun og uppfærsla á rekstrarforsendum kúabænda, Verðlagsgrundvelli kúabús, hefur ekki verið framkvæmd, en nú horfir vonandi til betri vegar í þeim efnum. Undirbúningur að endurskoðun og uppfærslu á Verðlagsgrundvelli kúabús til mjólkurframleiðslu er hafinn. Verðlagsnefnd búvara er gegnir stóru hlutverki í því að tryggja neytendum aðgang að mikilvægri nauðsynjavöru um land allt og á sama tíma að tryggja bændum lágmarksverð fyrir sínar afurðir og rekstrarhæfi afurðastöðva. Því er ábyrgð verðlagsnefndar mikil.

Fjárfestingar

Á komandi misserum munu helstu verkefni Mjólkursamsölnunnar, fyrir utan daglegan hefðbundinn rekstur, snúa að fyrirhuguðum fjár-

festingum og vinnu við verkefni sem lúta að ráðstöfun móttekinnar mjólkur. Í því vaxtaumhverfi sem nú ríkir er skynsamlegt að vinna að þeim verkþáttum sem kalla á sem minnstar lántökur vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Unnið er samkvæmt því og verður eitthvað áfram, en jafnframt eru bundnar vonir til þess að síðar á árinu fari að slakna á núverandi vaxta- og verðbólguástandi. Hönnun á húsnæði, stærð þess og skipulag ásamt búnaði er í fullum gangi fyrir afurðastöðvar MS á Selfossi og Akureyri sem og kortlagning nauðsynlegra leyfa og samskipta við stofnanir viðkomandi sveitafélaga.

Ráðstöfun mjólkur

Ráðstöfun móttekinnar mjólkur í landinu er ávallt einn stærsti þáttur í störfum og stefnumótun Mjólkursamsölnunnar. Á undanförunum mánuðum hefur farið fram mikil vinna í kortlagningu á framleiðslu- og pökkunnargetu á skyri til útflutnings. Virkur kvóti á ESB – markaði er 4.000 tonn á ári, en í dag er einungis um 2% af þessum kvóta nýttur til útflutnings. Nýjar flutningaleiðir hafa komið fram og samskipti við hlutaðeigandi aðila er hafinn varðandi flutninga og einnig markaðsaðila erlendis á þeim mörkuðum sem þegar eru til staðar fyrir íslenskt skyr. Þetta gæti haft mjög jákvæð áhrif á útflutningstekjur Mjólkursamsölnunnar vegna próteinhallans og einnig hækkað skilaverð fyrir umframjólk til mjólkurframleiðenda. Það mun skýrast innan skamms hvort þetta gengur eftir eins og væntingar standa til.

Ég vil þakka bændum, stjórn félagsins og stjórnendum MS sem og öllum starfsmönnum á starfsstöðvum MS fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnu ári.

Pálmi Vilhjálmsson
forstjóri Mjólkursamsölnunnar

Fulltrúar deilda Auðhumlu

á aðalfundi 28. apríl 2023

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Björgvin Gunnarsson	Núpi
Varadeildarstjóri:	Sigbjörn Þór Birgisson	Egilsstöðum 4
Varafultr.:	Jón Elvar Gunnarsson	Breiðavaði
	Halldór Sigurðsson	Hjartarstöðum

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Birgir Ragnarsson	Flatey
Varafultr.:	Valdimar Ingólfsson	Grænahrauni

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Magnús Sigurjónsson	Eystri-Pétursey
Varadeildarstjóri:	Jóhannes Gissurarson	Herjólfsstöðum
Varafultr.:	Bjarni Bjarnason	Hraunkoti
	Gunnar Þormar Þorsteinsson	Vatnskarðshólum

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Magðalena Jónsdóttir	Drangshlíðardal
Varadeildarstjóri:	Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir	Stóru-Mörk 3
Varafultr.:	Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit
	Berglind Hilmarsdóttir	Núpi 3

Landeyjadeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Karel Geir Sverrisson	Seli
Varadeildarstjóri:	Axel Sveinbjörnsson	Hólumum
Varafultr.:	Jóhann Rúnar Sævarsson	Stíflu
	Halldór Áki Óskarsson	Lágafelli

Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Guðmundur Ómar Helgason	Lambhaga
Varadeildarstjóri:	Þórir Már Ólafsson	Bollakoti
Varafultr.:	Páll Eggertsson	Kirkjulæk

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Hannes Ólafsson	Austvaðsholti
	Ágúst Sæmundsson	Bjólu
Varafultr.:		
Varadeildarstjóri:	Daníel S Ólafsson	Guttormshaga
	Borghildur Kristinsdóttir	Skarði

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi 3
Varadeildarstjóri:	Kristján Valur Sigurjónsson	Kotlaugum
	Ragnhildur Sævarsdóttir	Hjálmsstöðum
	Samúel U. Eyjólfsson	Bryjuholti
	Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskoti
Varafultr.:	Haraldur Ívar Guðmundsson	Reykhól
	Bjarni Mátsson	Stóru-Mástungu 1
	Páll Jóhannsson	Núpstúni 2
	Jórunn Svavarsdóttir	Drumboddsstöðum 1
	Tómas Sturlaugsson	Króki

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Haraldur Einarsson	Urriðafossi
Varadeildarstjóri:	Anne B. Hansen	Smjörðölum
	Stefán Geirsson	Gerðum

Varafultr.:	Byndís Eva Óskarsdóttir	Dalbæ
	Fanney Ólafsdóttir	Hurðarbaki
	Brynjólfur Þór Jóhannsson	Kolsholtshelli

Vesturlandsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Laufey Bjarnadóttir	Stakkhamri
Varadeildarstjóri:	Egill Gunnarsson	Hvanneyri
	Helgi Már Ólafsson	Þverholtum
	Kristján Ágúst Magnússon	Snorrastöðum
	Lilja Guðrún Eyþórsdóttir	Vestri-Reyn
	Finnur Pétursson	Káranesi
Varafultr.:	Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Miðdal
	Halldór J. Gunnlaugsson	Hundastapa
	Ásthildur Skjaldardóttir	Bakka
	Björgvin Helgason	Eystra-Súlunesi
	Sigurjón Helgason	Mel
	Símon Bergur Sigurgeirsson	Lundi 2

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Þorgrímur Einar Guðbjartsson	Erpsstöðum
Varadeildarstjóri:	Sigrún Hanna Sigurðardóttir	Lyngbrekku 2
Varafultr.:	Árni Brynjólfsson	Vöðlum
	Hörður Grímsson	Tindum

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Valgerður Kristjánsdóttir	Mýrum III
	Guðný Helga Björnsdóttir	Bessastöðum
Varafultr.:		
Varadeildarstjóri:	Ármann Pétursson	Neðri-Torfustöðum
	Hartmann Bragi Stefánsson	Sólbakka 2B

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Sigurður Rúnar Magnússon	Hnjúki
Varadeildarstjóri:	Ingibjörg Sigurðardóttir	Auðólfssstöðum
Varafultr.:	Magnús Björnsson	Syðra-Hóli
	Ingvar Björnsson	Hólabaki

Norð austurdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Ásta Pétursdóttir	Hranastöðum
Varadeildarstj.	Guðmundur Óskarsson	Hríshóli
	Geir Árdal	Dæli
	Vaka Sigurðardóttir	Dagverðareyri
	Berglind Kristinsdóttir	Hrafnagili
	Dagbjört Jónsdóttir	Sökku
	Þórir Nielsson	Torfum
	Aðalsteinn Hreinsson	Auðnum
	Snæþór Haukur Sveinbjörnsson	Búvöllum
	Ástþór Árnason	Ytra-Felli
Varafultr.:	Baldur Helgi Benjamínsson	Ytri-Tjörnum
	Sigurjón Þór Vignisson	Höfða 2
	Hermann Ingi Gunnarsson	Klauf
	Guðmundur Stefán Bjarnason	Svalbarði
	Þórunn Jónsdóttir	Sólvangi 2
	Arnar Árnason	Hranastöðum
	Tryggvi Jóhannsson	Hvassafelli
	Karl Ingi Atlason	Hóli
	Lilja Dögg Guðnadóttir	Stóra-Dunhaga 2
	Hákon Bjarki Harðarson	Svertingsstöðum 2

Stjórn Auðhumlu



Efri röð f.v.: Magðalena Jónsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson, Björgvin R. Gunnarsson og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.
Neðri röð f.v.: Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson, Þórunn Andrésdóttir og Jóhannes Hr. Símonarson.

Formaður

Ágúst Guðjónsson, Læk

Varaformaður

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

Ritari

Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti

Meðstjórnendur

Magðalena Jónsdóttir, Drangshlíðardal
Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Björgvin R. Gunnarsson, Núpi

Varamenn

Sif Jónsdóttir, Laxamýri
Linda B. Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum
Haraldur Magnússon, Belgsholti

Skoðunarmenn

Haraldur Einarsson, Urriðafossi
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirargörðum

Framkvæmdastjóri

Jóhannes Hr. Símonarson

Starfssvæði Auðhumlu



■ Starfssvæðið

Verðlaunahafar 2022



Innl. nr.	Nafn	Heimili	Deild
13505	Hulda Steinunn Sigurðardóttir	Stapa	A-Skaftafellsdeild
20304	Gráhöll ehf.	Brúnastöðum	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti,	Uppsveitadeild
20701	Jökull Helgason	Ósabakka	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli I	Uppsveitadeild
20928	Félagsbúið	Saurbæ	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpárd.
20933	Félagsbúið Guttormshaga	Guttormshaga	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpárd.
21335	Teigur 1 sf.	Teigi 1	Fljótshl., Hvols- og Rangárv.d.
21958	Katrín Viðarsdóttir og Sigurður Ottósson	Ásólfsskála	Eyjafjalladeild
21975	Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit	Eyjafjalladeild
22028	Halldór Óskarsson	Lágafelli	Landeyjadeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
30187	Mjólk og menn ehf	Gunnlaugsstöðum	Vesturlandsdeild
30592	Sigurjón Grétarsson	Furubrekku	Vesturlandsdeild
30621	Guðjón Jóhannesson	Syðri-Knarratungu	Vesturlandsdeild
35180	Kjartan Jóseppson	Nýju Búð	Vesturlandsdeild
36306	Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson	Bakka	Vesturlandsdeild
36406	Miðdalsbúið ehf.	Miðdal	Vesturlandsdeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
52575	Steinný ehf	Steinnýjarstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
58206	Halldór Pálsson	Súluvöllum ytri	Vestur-Húnaþingsdeild
58512	Torfastaðabúið ehf.	Neðri-Torfastaðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58527	Guðný Helga Björnsdóttir	Bessastöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58613	Ásgeir Sverrisson	Brautarholti	Vestur-Húnaþingsdeild
60013	Kristín S Hermannsdóttir og Sæmundur Sigtryggsson	Merkigili	Norðausturdeild
60232	Róbert Fanndal Jósavinnson og Elsa Ösp Þorvaldsdóttir	Litla dunhaga	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson og Dagbjört Jónsdóttir	Sökku	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marinósdóttir Og Gunnar Þór Þórisson	Búrfelli	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason og Erla Hrönn Sigurðardóttir	Hóli	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K Karlsson og Sigurbjörg Einarsson	Hóli	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68105	Erlingur Teitsson og Sigurlaug Svavarsdóttir	Brún	Norðausturdeild
68118	Hildigunnur Jónsdóttir	Lyngbrekkur	Norðausturdeild
68408	Öxará rekstrarfélag ehf. // Dagný og Þórir	Öxará	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti 1	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild

Fjöldi: 36

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem:

a) Hámark frumutölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra, mælt og reiknað sem faldmeðaltal.

b) Hámark líftölu í mánuðinum sé 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins.

c) Hámark frírra fitusýra sé 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar.

Mjólkursamsalan ehf. 2022



Efri röð f.v.: Óttar Bragi Þráinsson, Sigurjón Rúnar Rafnsson, Björgvin R. Gunnarsson, Magðalena Jónsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson.
Neðri röð f.v.: Ásvaldur Þormóðsson, Þórólfur Gíslason, Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Þórunn Andrésdóttir.

Stjórn Mjólkursamsölunnar skipa

Elín Margrét Stefánsdóttir, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Ágúst Guðjónsson, meðstjórnandi
Þórunn Andrésdóttir, meðstjórnandi
Ásvaldur Þormóðsson, meðstjórnandi

Varamenn

Björgvin R. Gunnarsson
Magðalena Jónsdóttir
Óttar Bragi Þráinsson
Sif Jónsdóttir
Sigurjón Rúnar Rafnsson

Forstjóri

Pálmi Vilhjálmsson

Rekstur

Tekjur innanlands voru áætlaðar 32.327 milljónir króna fyrir árið 2022 en raunsalan endaði í 34.150 milljónum króna eða 1.823 milljónum króna umfram áætlun eða 5,64 %. Tekjuaukning frá árinu 2021 var 3.298 milljónir króna eða um 10,69 %. Seld voru 2.399 tonn af viðbiti, 6.291 tonn af ostum og 1.365 tonn af dufti. Einnig voru seldir 43 milljónir lítra af ferskvörum.

Á árinu 2022 var 282 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins sem er lækkun upp á 117 milljónir frá árinu áður. Í árslok 2022 á Auðhumla 80% hlut í félaginu en Kaupfélag Skagfirðinga 20% hlut.

Heildareignir Mjólkursamsölunnar voru í árslok 2022 18.632 milljónir króna og eigið fé var 8.793 milljónir króna og samsvarar það 47,2% eiginfjárlutfalli.

Stöðugildi á árinu 2022 voru 417 og fjölgaði um 0,5% á milli ára. Starfsemi Mjólkursamsölunnar fer fram á fimm starfsstöðvum um allt land.

Hagræðing á vegum Mjólkursamsölunnar undan-
gengin ár hefur byggt á ýmsum breytingum í skipu-
lagi og stefnu fyrirtækisins sem mótuð er af stjórn
og stjórnendum þess. Það byggir einnig á öllu því
trausta og öfluga starfsfólki sem hjá því starfar og
góðri yfirsýn þess á starfsemi félagsins. Það fær hér
góðar þakkir fyrir framlag sitt.



Samstarfsaðilar Ísey útflutnings ehf.



Einar Einarsson
framkvæmdastjóri

Stjórn Ísey útflutningur ehf.

Elín M. Stefánsdóttir formaður
Ágúst Guðjónsson
Sigurjón Rúnar Rafnsson
Pálmi Vilhjálmsson

Endurskoðendur

Deloitte ehf.
Benóní Torfi Eggertsson
Árni Þór Vilhjálmsson

Rekstrartekjur ársins 2022 voru 3.165 milljónir sem er tæplega 18% aukning frá fyrra ári. Rekstrarhagnaður ársins voru tæpar 114 milljónir en voru rúmar 196 milljónir fyrir árið 2021. Ástæða þess að hagnaður dregst saman á milli ára er fyrst og fremst lægri framlegð vegna skýrsölu frá Danmörku. Miklar verðhækkningar á aðföngum áttu sér stað á árinu 2022 sem ekki var skilað að fullu í söluverð. Meðal annars hækkaði mjólk um 40% í Danmörku á árinu 2022 en hefur lækkað nokkuð skart það sem af er ári 2023 og eru vonir til þess að þessi hrina verðhækkana sé á enda og verð muni lækka á næstu mánuðum. Áætlanir gera ráð fyrir að framlegð ársins 2023 verði mun betri en á árinu 2022 sem mun skila sér í betri afkomu, en áætlun gerir ráð fyrir 244 milljónum í rekstrarhagnað. Bókfært eigið fé í árslok 2022 voru rúmar 495 milljónir, eða rúmlega 38%.

Alls seldu samstarfsaðilar Ísey útflutnings ehf. 21.438 tonn af skyr á árinu 2022 sem er aukning um 1.800 tonn frá fyrra ári. Mest aukning var í

Bandaríkjunum, Frakklandi og Hollandi, en samdráttur var í Danmörku, Finnlandi og Japan.


Framleiðsla á Ísey skyr hófst í maí 2022 í Wales og framleiðir verksmiðjan skyr fyrir Bretlandsmarkað. Ísey útflutningur ehf. keypti 75% hlut í Skyr Wales í lok árs 2022 og tók yfir sölu og dreifingu 1. febrúar 2023 þegar samningur við fyrrverandi dreifingadila endaði. Unnið er markvisst að því að auka skýrsölu í Bretlandi með því að fjölga bragðtegundum og fjölga verslunum sem bjóða upp á Ísey skyr.

Eins og áður hefur komið fram hafa miklar kostnaðarhækkningar í aðföngum haft verulegan áhrif á rekstur Ísey útflutnings ehf. síðastliðin tvö ár. Vonir standa til þess að toppnum hafi verið náð í þessum hækkunum og fyrstu mánuðir ársins 2023 sýna verðlækkun á mjólk í Danmörku ásamt því að söluverð hefur verið hækkað. Áætlanir fyrir árið 2023 gera ráð fyrir verulega betri afkomu og erum við bjartsýn á að þær áætlanir gangi eftir.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2022 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2022 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2022 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2022 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumla

Árið 2022	Árið 2021	Breyting 2021-2022	
		Lítrar	Hlutfall
10.698.702	10.648.197	50.505	0,47%
10.200.073	10.439.389	-239.316	-2,29%
11.634.207	12.448.239	-814.032	-6,54%
11.427.289	11.801.922	-374.633	-3,17%
12.015.341	12.075.058	-59.717	-0,49%
11.543.079	11.858.431	-315.352	-2,66%
10.893.517	11.537.211	-643.694	-5,58%
11.164.523	10.964.847	199.676	1,82%
10.301.261	10.068.532	232.729	2,31%
10.292.974	9.714.454	578.520	5,96%
10.362.603	10.083.742	278.861	2,77%
10.779.953	10.456.967	322.986	3,09%
131.313.522	132.096.989	-783.467	-0,59%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2022	Árið 2021	Breyting 2021-2020	
		Lítrar	Hlutfall
12.017.059	11.970.526	46.533	0,39%
11.500.091	11.746.105	-246.014	-2,09%
13.113.739	13.965.555	-851.816	-6,10%
12.850.919	13.252.942	-402.023	-3,03%
13.531.227	13.570.460	-39.233	-0,29%
13.036.528	13.393.059	-356.531	-2,66%
12.358.297	13.073.968	-715.671	-5,47%
12.620.557	12.407.437	213.120	1,72%
11.615.492	11.368.782	246.710	2,17%
11.568.993	10.946.289	622.704	5,69%
11.621.821	11.349.840	271.981	2,40%
12.132.191	11.782.785	349.406	2,97%
147.966.914	148.827.748	-860.834	-0,58%

Tölulegar upplýsingar



Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2022 AH og KS

Skýringar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf	129.901.500	1.479.149	131.380.649
Mjólkursamlag KS	16.534.032	121.351	16.655.383
Heimavinnsla	69.118		69.118
Samtals Auðhumla og KS	146.504.650	1.600.500	148.105.150

Heimild: Atvinnuvegaráðuneytið og aðildarfélög SAM

Fjöldi innleggjenda í árslok í deildum 2022 og 2021

Nafn deildar	31.12.2022	31.12.2021	Mismunur
Austurlandsdeild	18	18	0
A-Skaftafellsdeild	7	7	0
V-Skaftafellsdeild	21	21	0
Eyjafjalladeild	14	16	-2
Landeyjadeild	23	24	-1
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	13	14	-1
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	16	17	-1
Uppsveitadeild	59	63	-4
Flóa- og Ölfusdeild	35	35	0
Vesturlandsdeild	62	67	-5
Breiðafjarðardeild	22	24	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	15	16	-1
Austur-Húnaþingsdeild	23	24	-1
Norðausturdeild	119	126	-7
Alls Auðhumla	447	472	-25

Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar:	Meðal- fita 2022	Meðal- fita 2021	Meðal- prótein 2022	Meðal- prótein 2021
Austurlandsdeild	4,19	4,20	3,41	3,42
A-Skaftafellsdeild	4,21	4,28	3,38	3,36
V-Skaftafellsdeild	4,23	4,27	3,40	3,40
Eyjafjalladeild	4,21	4,22	3,36	3,35
Landeyjadeild	4,15	4,19	3,35	3,35
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,22	4,23	3,33	3,33
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,21	4,24	3,41	3,39
Uppsveitadeild	4,22	4,24	3,35	3,35
Flóa- og Ölfusdeild	4,22	4,25	3,35	3,34
Vesturlandsdeild	4,22	4,20	3,35	3,36
Breiðafjarðardeild	4,16	4,17	3,37	3,39
Vestur-Húnaþingsdeild	4,23	4,23	3,36	3,37
Austur-Húnaþingsdeild	4,13	4,16	3,35	3,37
Norðausturdeild	4,24	4,24	3,42	3,43
Auðhumla	4,21	4,23	3,38	3,40

**Auðhumla svf.
Samstæðuársreikningur
2022**

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2022, efnahag hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með samstæðuársreikning sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Auðhumlu svf. að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann, sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritundardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framan-greindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggð á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 13. apríl 2023

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan.

Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Haraldur Einarsson

Hannes Ólafsson

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Dótturfélög Auðhumlu eru níu talsins. Mjólkursamsalan ehf. sem er framleiðslufyrirtæki, sem tekur við mjólk til framleiðslu á drykkjarmjólk, ostum, skyrri og fleiri mjólkurvörum. MS eignarhald ehf. heldur utan um eignarhald á Ícelandic Provisions Inc. Ísey útlutningur ehf. lætur framleiða skyr í Danmörku undir vörumerkinu Ísey skyr og selur til Finnlands, Frakklands og Hollands auk þess að selja einkaleyfi á framleiðsluvörum félagsins. Bitruháls ehf. starfrækir sjálfvirka bílaþvottastöð fyrir stærri bíla í eigu Mjólkursamsölnunnar ehf. Dótturfélagið Mjólkurbú Flóamanna ehf. var sameinað Auðhumlu svf. í árslok 2022 en starfsemi þess fólst í eignarhaldi á fasteignum og lóðum. Í Norðurmjólk ehf., Ost- og smjöröslunni ehf. og Ísey Skyr UK er engin starfsemi á árinu 2022. Í árslok 2022 fjárfesti Ísey útlutningur ehf. í dótturfélaginu Ísey Skyr Bar ehf. og Skyr Wales Ltd. Ísey Skyr Bar ehf. sér um að innheimta tekjur vegna einkaleyfis um Ísey skyr bari á Íslandi. Skyr Wales Ltd. framleiðir skyr fyrir Bretlandsmarkað.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2022	2021
Rekstrartekjur samstæðunnar námu	38.807.613	34.633.634
Hagnaður samstæðunnar nam	461.287	932.069
Fjöldi ársverka nam	431	427
	31.12. 2022	31.12. 2021
Eignir samstæðunnar námu	27.763.847	24.248.252
Bókfært eigið fé nam	14.729.605	13.842.839
Inneign í stofnsjóði nam	1.948.809	1.932.460
Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam	53,1%	57,1%

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 4.174 milljónir króna milli ára eða um 12,1%. Þessi hækkan er tilkomin vegna verðhækkana og söluaukningar bæði á innanlandsmarkaði og erlendis. Hagnaður samstæðunnar er að lækka á milli ára en samstæðan er að skila 461,3 milljóna króna hagnaði á árinu 2022 sem er lækkun upp á 470,8 milljónir króna á milli ára en hluti af þeirri lækkun er aukning fjármagnsgjalda upp á 195 milljón króna og einskiptis-tekjur á fyrra ári vegna upplausnar á eftirlaunaskuldbindingu upp á 248 milljónir króna. Stjórnendur samstæðunnar reikna með að starfsemi félagsins muni ekki breytast verulega að umfangi á næstu árum.

Þróun á fjárhagslegri stöðu samstæðunnar

Lausafjárstaða samstæðunnar er svipuð á milli ára en fjármagnsgjöld hafa hækkað um 194,8 milljónir króna á milli ára. Engar verulegar lántökur áttu sér stað á árinu en samstæðan tók ný lán fyrir um 536,3 milljónir króna. Mjólkursamsalan ehf. undirbýr miklar fjárfestingar en til stendur að endurnýja tæki til framleiðslu á undarennudufti á Selfossi og stækka húsnæðið þar. Að auki er hafin undirbúningur að stækkun húsnæðis félagsins á Akureyri.

Meginmarkmið og stefna við áhættustýringu

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagsaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Nánari upplýsinga um fjármálagerðina og þá fjárhagslegu áhættu sem samstæðan býr við má finna í skýringu nr. 19.

Stofnsjóður og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 508 í stofnsjóði en þeir voru 536 í upphafi árs. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur 111 milljónum króna. Úr stofnsjóði voru greiddar 191,9 milljónir króna.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur á árinu 2023 en að reiknaðir verði 6% vextir af höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2022, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð sjö aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Auðhumlu svf., sitja þrjár konur og fjórir karlmenn og uppfyllir því skilyrði um kynjahlutföll skv. 9. gr. samþykpta félagsins.

Góðir stjórnarhættir

Stjórn Auðhumlu svf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sett fram. Auðhumla svf. hefur sett fram upplýsingar um stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið fylgir ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem þeim er ætlaðar einungum tengdum almannahagsmunum. Upplýsingar um stjórnarhætti er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindarmálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við samstæðuársreikning.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. apríl 2023

Í stjórn

Ágúst Guðjónsson
stjórnarformaður

Þórunn Andrésdóttir

Björgvin R. Gunnarsson

Óttar Bragi Þráinsson

Elín M. Stefánsdóttir

Ásvaldur Þormóðsson

Magðalena Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Jóhannes Hr. Símonarson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	4	38.807.613	34.633.634
Aðrar tekjur		1.314.983	1.195.413
Kostnaðarverð seldra vara		(28.864.671)	(25.381.618)
Laun og launatengd gjöld	5	(5.371.981)	(4.832.714)
Annar rekstrarkostnaður		(3.569.145)	(3.325.070)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.354.405)	(1.244.219)
Rekstrarhagnaður		962.394	1.045.426
Fjármunatekjur		39.503	13.930
Fjármagnsgjöld		(436.597)	(241.796)
	7	(397.094)	(227.865)
Hlutdeild í afkomu félaga		15.623	34.214
Hagnaður fyrir skatta		580.924	851.774
Tekjuskattur	8	(119.636)	(167.471)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		461.287	684.304
Lækkun lífeyrisskuldbindingar		0	247.765
Hagnaður ársins		461.287	932.069
Hagnaður ársins sem tilheyrir:			
Hlutdeild minnihluta		65.226	102.944
Hlutdeild Auðhumlu svf.		396.061	829.125

Efnahagsreikningur

31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	9	396.997	0
Aðrar óefnislegar eignir	10	62.972	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	17.652.546	15.443.676
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	13	353.652	361.917
Eignarhlutar í öðrum félögum	14	518.032	517.298
Skuldabréfaeign		15.583	54.493
Krafa á tengda aðila	18	67.486	76.879
		19.067.268	16.454.264
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	4.302.626	4.191.767
Viðskiptakröfur		3.820.611	3.039.978
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar		12.772	2.577
Kröfur á tengda aðila	18	55.173	51.109
Aðrar skammtímakröfur		322.620	270.807
Handbært fé		182.778	237.752
		8.696.579	7.793.988
Eignir		27.763.847	24.248.252

Efnahagsreikningur

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Stofnsjóður		1.948.809	1.932.460
Sérstakur endurmatsreikningur		4.239.372	3.806.868
Bundinn hlutdeildarreikningur		702.780	359.626
Lögbundinn varasjóður		351.318	331.515
Óráðstafað eigið fé		5.666.305	5.627.520
Eigið fé meirihlutaeigenda		12.908.584	12.057.990
Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu		1.821.021	1.784.850
Eigið fé		14.729.605	13.842.839
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	16	4.550.150	4.389.637
Aðrar langtímaskuldir	16	212.578	117.458
Fjármögnunarleigusamningar		1.058.552	806.398
Tekjuskattsskuldbinding	17	1.685.406	1.509.541
		7.506.687	6.823.034
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.669.270	2.371.830
Skuldir við lánastofnanir		191.147	134.037
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	66.165	42.478
Næsta árs afborganir fjármögnunarleigusamninga		131.293	92.844
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	20.948	37.807
Skuldir við tengda aðila	18	26.786	28.768
Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga		718.371	331.254
Aðrar skammtímaskuldir		703.577	543.361
		5.527.556	3.582.379
Skuldir		13.034.243	10.405.413
Eigið fé og skuldir		27.763.847	24.248.252

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		962.394	1.045.426
Afskriftir	6	1.354.405	1.244.219
Söluhagnaður fastafjármuna		(32.712)	(17.051)
Sölutap hlutabréfa í öðrum félögum		810	0
Niðurfærsla skuldabréfaeignar, breyting		0	(1.500)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.284.897	2.271.094
Vörubirgðir (hækkun), lækkun		(82.953)	8.628
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(745.324)	(393.899)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		726.547	224.391
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.183.168	2.110.214
Innborgaðir vextir og arður		33.961	12.350
Greiddir vextir		(360.182)	(222.830)
Greiddur tekjuskattur		(37.807)	(35.216)
Handbært fé frá rekstri		1.819.140	1.864.518
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptar/seldar óefnislegar eignir	10	(18.356)	0
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	11	(1.779.529)	(1.152.490)
Keypt skuldabréf		(20.850)	0
Afborganir skuldabréfa		10.242	10.745
Keyptir eignarhlutir í dótturfélögum		(326.587)	0
Keyptir eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	13	0	(50.000)
Seldir (keyptir) eignarhlutar í öðrum félögum		135	(131.386)
Lækkun/(hækkun) á kröfum á tengda aðila		51.542	(9.393)
		(2.083.404)	(1.332.524)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(46.077)	(254.378)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga		(126.129)	(237.099)
Nýjar langtímaskuldir		337.603	412.753
Hækkun/(lækkun) á skammtímaskuldum við lánastofnanir		57.110	(357.326)
Inntökugjald		672	733
Tillag í stofnsjóð		111.035	131.729
Útborgun úr stofnsjóði		(191.880)	(105.954)
		142.335	(409.542)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(121.928)	122.452
Handbært fé í upphafi árs		237.752	125.511
Handbært fé - ný dótturfélög		74.759	0
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(7.805)	(10.211)
Handbært fé í lok árs		182.778	237.752

Yfirlit um eigið fé 2022

.....

	Stofnsjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	1.896.602	4.114.695	4.238.209	1.681.907	11.931.412
Endurmat fastafjármuna		950.954			950.954
Upplausn/afskrift endurmats		(733.920)	733.920		0
Tillag í stofnsjóð	131.729				131.729
Útborgun úr stofnsjóði	(105.954)				(105.954)
Inntökugjald	600		133		733
Vextir af stofnsjóði	9.483		(9.483)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsv. o.fl.			1.897		1.897
Fært á bundið eigið fé		151.649	(151.649)		0
Hagnaður ársins			829.125	102.944	932.069
Tillag í lögbundinn varasjóð		14.632	(14.632)		0
Eigið fé 1.1.2022	1.932.460	4.498.010	5.627.520	1.784.850	13.842.840
Hlutdeild minnihluta í Skyr Wales				(29.055)	(29.055)
Endurmat fastafjármuna		515.380			515.380
Afskrift endurmats		(82.876)	82.876		0
Tillag í stofnsjóð	111.035				111.035
Útborgun úr stofnsjóði	(191.880)				(191.880)
Inntökugjald	570		102		672
Vextir af stofnsjóði	96.623		(96.623)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsv. o.fl.			19.325		19.325
Fært á bundið eigið fé		343.153	(343.153)		0
Hagnaður ársins			396.061	65.226	461.287
Tillag í lögbundinn varasjóð		19.803	(19.803)		0
Eigið fé 31.12.2022	1.948.809	5.293.470	5.666.305	1.821.021	14.729.605

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Hlutdeildar reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	207.978	316.883	3.589.835	4.114.695
Endurmat fastafjármuna			950.954	950.954
Upplausn/afskrift endurmats			(733.920)	(733.920)
Fært á bundið eigið fé	151.649			151.649
Tillag í lögbundinn varasjóð		14.632		14.632
Eigið fé 1.1.2022	359.626	331.515	3.806.868	4.498.009
Endurmat fastafjármuna			515.380	515.380
Afskrift endurmats			(82.876)	(82.876)
Fært á bundið eigið fé	343.153			343.153
Tillag í lögbundinn varasjóð		19.803		19.803
Eigið fé 31.12.2022	702.780	351.318	4.239.372	5.293.470

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum félagsins.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Auðhumla svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Auðhumla svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Austurvegi 65, 800 Selfossi.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Upplýsingar um dótturfélögin eru sett fram í skýringu 12.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði, sjá nánar í skýringu 24 fyrir reikningsskilaaðferðir. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:.....

Sala innanlands

Sala erlendis

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun

Lífeyrissjóður

Önnur launatengd gjöld

Annar starfsmannakostnaður

Meðalfjöldi stöðugilda

2022	2021
34.402.354	30.808.701
4.405.259	3.824.934
38.807.613	34.633.634
2022	2021
4.341.900	3.930.239
550.925	501.071
375.935	329.891
103.221	71.513
5.371.981	4.832.714
431	427

6. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna án endurmats
 Afskriftir af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum
 Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign
 Arður af hlutabréfaeign
 Gengishagnaður
 Vaxtatekjur af viðskiptakröfum
 Aðrar vaxtatekjur

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir
 Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum
 Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum
 Sölutap hlutabréfa
 Gengistap
 Þinglýsingar, stimpilgjöld og lántökugjöld
 Önnur vaxtagjöld

2022	2021
1.250.810	1.164.883
103.595	79.336
1.354.405	1.244.219
2022	2021
4.905	114
2.827	925
396	18
0	769
12.002	8.549
19.373	3.555
39.503	13.930
(8.250)	(23.591)
(322.319)	(161.310)
(65.234)	(34.640)
(810)	0
(25.172)	0
(200)	0
(14.612)	(22.254)
(436.597)	(241.796)
(397.094)	(227.865)

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 119,6 milljónum króna (2021: 167,5 milljónir). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2023 nemur 20,9 milljónum króna (2022: 37,8 milljón).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður fyrir skatta
 Skatthlutfall
 Fenginn arður
 Skattinneign færð út
 Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags
 Aðrir liðir

Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikning

2022		2021	
Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
580.924		851.774	
(116.185)	20,0%	(170.355)	20,0%
79	0,0%	4	0,0%
(5.486)	(0,9%)	(2.132)	(0,3%)
3.125	0,5%	6.843	0,8%
(1.170)	(0,2%)	(1.831)	(0,2%)
(119.636)	(20,6%)	(167.471)	(19,7%)

9. Viðskiptavild

Bókfært verð í ársbyrjun

Eignfært á árinu

Bókfært verð í árslok

2022	2021
0	0
396.997	0
396.997	0

Viðskiptavildin er tilkomin vegna kaupa samstæðunnar á meirihluta í félögunum Skey Wales Ltd. og Ísey Skey Bar ehf. og verður hún afskriftuð línulega á 10 árum.

10. Aðrar óefnislegar eignir

Kostnaðarverð

Staða 1.1.2022

Nýtt dótturfélag Ísey Skey Bar ehf.

Eignfært á árinu

Staða 31.12.2022

Þróunarkostnaður	Samtals
0	0
75.536	75.536
18.356	18.356
93.892	93.892

Afskriftir

Staða 1.1.2022

Nýtt dótturfélag Ísey Skey Bar ehf.

Afskrift ársins

Staða 31.12.2022

0	0
30.614	30.614
306	306
30.920	30.920

Bókfært verð

Staða 1.1.2022

Staða 31.12.2022

0	0
62.972	62.972

Afskriftarhlutföll

20%	
-----	--

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Verksmiðju vélar og tæki	Bifreiðar og flutningatæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2021	12.384.970	16.552.480	2.182.154	31.119.604
Sérstakt endurmat	1.188.692	0	0	1.188.692
Eignfært á árinu	210.575	1.379.201	188.384	1.778.160
Selt og aflagt á árinu	(18.889)	(9.994)	(89.094)	(117.977)
Staða 1.1.2022	13.765.348	17.921.687	2.281.444	33.968.479
Nýtt dótturfélag Ísey Skyr Bar ehf.	0	9.758	0	9.758
Nýtt dótturfélag Skyr Wales Ltd.	0	550.178	0	550.178
Sérstakt endurmat	644.225	0	0	644.225
Eignfært á árinu	452.791	1.583.774	376.856	2.413.421
Selt og aflagt á árinu	0	(1.108.431)	(170.081)	(1.278.512)
Staða 31.12.2022	14.862.364	18.956.965	2.488.219	36.307.548

Afskriftir

Staða 1.1.2021	5.798.273	10.115.189	1.454.296	17.367.758
Afskrift ársins	180.079	861.193	202.947	1.244.219
Selt og aflagt á árinu	(114)	(9.166)	(77.894)	(87.174)
Staða 1.1.2022	5.978.238	10.967.216	1.579.349	18.524.803
Nýtt dótturfélag Ísey Skyr Bar ehf.	0	7.515	0	7.515
Nýtt dótturfélag Skyr Wales Ltd.	0	31.733	0	31.733
Afskrift ársins	209.027	936.237	208.835	1.354.100
Selt og aflagt á árinu	0	(1.107.822)	(155.326)	(1.263.148)
Staða 31.12.2022	6.187.265	10.834.879	1.632.859	18.655.002

Bókfært verð

Staða 1.1.2021	6.586.697	6.437.291	727.858	13.751.846
Staða 1.1.2022	7.787.110	6.954.471	702.095	15.443.676
Staða 31.12.2022	8.675.099	8.122.087	855.360	17.652.546

Bókfært verð án endurmats

Staða 1.1.2021	2.099.405	6.437.291	727.858	9.264.554
Staða 1.1.2022	2.916.875	6.954.471	702.095	10.573.441
Staða 31.12.2022	3.375.885	8.122.087	855.360	12.353.332

Afskriftarhlutföll	2-6%	5-20%	3-20%
--------------------------	------	-------	-------

Fasteignir félagsins eru endurmetnar árlega í samræmi við lög um ársreikninga og byggir hið endurmetna verð á opinberu fasteignamat í árslok 2022 að teknu tilliti til hversu sérhæfðar eignirnar eru sem stjórnendur telja að endurspegli raunvirði eignanna. Matsbreytingin er færð til hækunar á eigninni, á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir	11.787.510	22.692.847
Vélar og tæki, eignatryggingar		26.568.304
Rekstrarstöðvunartrygging		12.347.985

12. Félög í samstæðu

Eignarhlutar í dótturfélögum:

Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík
Bitruháls ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík
Mjólkurbú Flóamanna ehf., Austurvegi 65, Selossi*
Norðurmjól ehf., Austurvegi 65, Selfossi
Osta- og smjörksalan ehf., Austurvegi 65, Selossi
Ísey útflytningur ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík
MS eignarhald ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík
Ísey Skyr Bar ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík
ISEY Skyr UK Ltd, United Kingdom
Skyr Wales Ltd., United Kingdom

Eignarhlutur	Meginstarfsemi
80,00%	Framleiðslufyrirtæki
100,00%	Þvottastöð
100,00%	Fasteignafélag
100,00%	Engin starfsemi
100,00%	Engin starfsemi
80,00%	Heildverslun með mjólkurafurðir
80,00%	Eignarhaldsfélag
80,00%	Sölustarfsemi
80,00%	Engin starfsemi
75,00%	Framleiðslufyrirtæki

*Félagið var sameinað móðurfélaginu Auðhumlu svf. í árslok 2022.

13. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum:

Íslenskar mysuafurðir ehf., Ártorgi 1, Sauðárkrúki
Skyrheimar ehf., Sigtúni 3, Selfossi

Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Gangvirði
50,00%	335.250	353.407	353.407
49,00%	245	245	245
		2022	2021
		361.918	286.542
		(40.176)	0
		0	50.000
		31.911	25.376
		353.652	361.918

Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélagum greinist þannig:

Staða í ársbyrjun
Ísey Skyr Bar ehf. færð úr hlutdeildarfélagum í dótturfélög
Innborgað hlutafé
Hlutdeild í afkomu
Staða í árslok

Skyrheimar ehf. byggðu á árunum 2020 og 2021 skýrsýningu sem sýnir sögu skyngerðar á Íslandi og í febrúar 2023 keypti Mjólkursamsalan ehf. til viðbótar 51% hlut í Skyrheimum ehf. fyrir 29 milljónir króna og á eftir það Skyrheima ehf. að fullu. Á sama tíma gerði systurfélag Mjólkursamsölnnar ehf. Ísey Skyr Bar ehf. leigusamning til 2 ára um húsnæði skýrsýningarinnar og hefur Mjólkursamsalan ehf. skuldbindið sig til að ábyrgjast þær leigugreiðslur.

14. Eignarhlutar í öðrum félögum

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
Fóðurblandan ehf.
Ámundakinn ehf.
Greið leið ehf.
Vottunarstofan Tún ehf.
Matgæði ehf.
Selasetur Íslands ehf.
Norðurvegur ehf.
Icelandic Provisions Inc.
Sláturfélag Suðurlands svf. B deild
Stofnsjóður samvinnutrygginga

Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
89,19%		33.678
15,70%	147.054	306.179
6,60%	11.500	18.119
0,03%	900	1.000
5,40%	500	500
0,04%	150	150
1,50%	50	0
2,66%	450	0
14,22%	*USD 7.559	156.280
1,04%	2.080	2.080
Óverulegt		46
		518.032

*Fjöldi hluta í Icelandic Provisions Inc. í þúsundum USD.

15. Vörubirgðir

	31.12.2022	31.12.2021
Fullunnar vörur	3.135.782	3.205.650
Hráefni	199.146	176.079
Umbúðir	613.391	479.364
Aðrar vörur	354.307	330.674
	4.302.626	4.191.767

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og eru vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og samkvæmt því er ekki talin þörf á niðurfærslu vörubirgða í ár þar sem allar vörubirgðir mun seljast á innanlandsmarkaði (2021: 0 milljónir).

16. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir í erlendra mynt	246.955	128.328	310.226	141.006
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar	0	0	4.017.870	4.025.737
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar	0	0	253.843	254.502
	246.955	128.328	4.581.938	4.421.245
Næsta árs afborganir langtímask.	(34.376)	(10.870)	(31.789)	(31.608)
Langtímaskuldir í árslok	212.578	117.458	4.550.150	4.389.637

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Næsta árs afborganir	34.376	10.870	31.789	31.608
Afborganir 2024/2023	35.241	18.333	244.626	2.562.772
Afborganir 2025/2024	36.172	18.333	283.930	188.397
Afborganir 2026/2025	37.383	18.333	662.022	115.688
Afborganir 2027/2026	38.474	18.333	257.986	493.443
Afborganir 2028/2027	36.641	18.333	259.831	89.028
Afborganir síðar	26.958	25.795	2.841.754	940.309
	245.246	128.328	4.581.938	4.421.245

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir við lánastofnanir	8,23%	4,12%
Aðrar langtímaskuldir	5,03%	3,17%

17. Tekjuskattsskuldbinding

	Inneign / (skuldbinding)	
	2022	2021
Staða í ársbyrjun	(1.509.541)	(1.081.141)
Nýtt dótturfélag Ísey Skey Bar ehf.	24.468	0
Áhrif endurmats fastafjármuna	(128.845)	(237.738)
Áhrif samsköttunar	(0)	(704)
Leiðrétting frá fyrra ári	(448)	(250)
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds	19.325	1.897
Lækkun lífeyrisskuldbindingar	0	(61.941)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	(111.313)	(167.472)
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári	20.948	37.807
Staða í árslok	(1.685.406)	(1.509.541)

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1.700.319)	(1.541.334)
Óefnislegar eignir	(673)	0
Verðbréfaeign	1.600	1.600
Veltufjáreignir	(50.156)	(38.223)
Skammtímaskuldir	22.420	59.739
Frestaður gengismunur	1.277	1.826
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	40.445	6.850
	(1.685.406)	(1.509.541)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Frá hagnaði árunna 2023 til 2027	25.034	0
Frá hagnaði árunna 2023 til 2028	21.988	16.791
Frá hagnaði árunna 2023 til 2029	41.714	17.461
Frá hagnaði árunna 2023 til 2030	26.186	0
Frá hagnaði árunna 2023 til 2031	38.892	0
Frá hagnaði árunna 2023 til 2032	48.412	0
	202.226	34.252

18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðunna, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda:

	2022	2021
Stjórnarmenn	50.035	44.861
Stjórnendur	178.446	177.900
	228.481	222.761

Viðskipti við tengd félög árið 2022:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðarst. í mjólkuriðn., félagasamtök				26.786
Samtök fyrirtækja í landbúnaði, félagasamtök			1.373	
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag			15.000	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag			38.800	
Skyrheimar ehf., hlutdeildarfélag	7.120		67.486	
	7.120	0	122.659	26.786

Viðskipti við tengd félög árið 2021:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðarst. í mjólkuriðn., félagasamtök		2		28.768
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag			15.000	
Ísey Skyr Bar ehf., hlutdeildarfélag			9.393	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag		41.444	36.108	
Skyrheimar ehf., hlutdeildarfélag	20.000		67.486	
	20.000	41.446	127.987	28.768

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

19. Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslega áhættu í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhætta hefur verið greind vegna fjármálagerninga.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðli, og ber samstæðan áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

	2022	2021	Breyting
USD	142,04	130,19	9,1%
GBP	170,81	176,2	(3,1%)
DKK	20,37	19,91	2,3%
NOK	14,41	14,78	(2,5%)
SEK	13,62	14,41	(5,5%)
CHF	153,85	142,8	7,7%
EUR	151,5	148,09	2,3%

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Staðan 31. desember 2022	1.052.602	1.981.225	(928.623)
Staðan 31. desember 2021	776.510	919.692	(143.182)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2022		31.12.2021	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé:	(46.431)	(92.862)	(7.159)	(14.318)

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánum með föstum og breytilegum vöxtum.

Skýringar

Vaxtakjör á lántökum samstæðunnar koma fram í skýringu 14 fyrir langtímaskuldir. Af vaxtaberandi skuldum bera 6.208 milljónir breytilega vexti (31. desember 2021: 5.455 milljónir) en engar skuldir bera fasta vexti (31. desember 2021: 128,3 milljónir).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

	31.12.2022		31.12.2021	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	31.041	62.082	27.273	54.545

Verðbólguáætla

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 253,8 milljónir króna eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (31. desember 2021: 254,5 milljónir) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu samstæðunnar um 2,5 milljónir króna fyrir tekjuskatt (2021: 2,5 milljónir). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar.

Útlánaáætla

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármála-gerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspeglar breyttar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáættu.

Hámarksútlánaáætla er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2022	31.12.2021
Skuldabréfæign og aðrar langtímakröfur	28.355	57.070
Kröfur á tengd félög	122.659	127.988
Viðskiptakröfur	3.820.611	3.039.978
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	55.927	33.388
Handbært fé	182.778	237.752
	4.210.330	3.496.176

Lausafjáráætla

Lausafjáráætla er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinnna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Skuldir 31. desember 2022:

	Innan árs	2024	2025	2026 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	5.091.750	0	0	0	5.091.750
Með breytilegum vöxtum	856.911	670.199	1.134.507	6.698.498	9.360.115
	5.948.662	670.199	1.134.507	6.698.498	14.451.866

Skuldir 31. desember 2021:

	Innan árs	2023	2024	2025 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	3.263.886	0	0	0	3.263.886
Með breytilegum vöxtum	493.915	2.896.500	424.609	2.759.986	6.575.010
	3.757.801	2.896.500	424.609	2.759.986	9.838.896

20. Hreyfingar án greiðsluáhrifa í sjóðsstreymi samstæðunnar

Á árinu keypti samstæðan vélar og er 638 milljónir af þeirri fjárfestingu ógreitt í árslok 2022 og hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðsstreymi samstæðunnar. Að auki fjárfesti samstæðan í bifreiðum og tækjum með lántöku að fjárhæð 417 milljónum króna og af þeirri fjárhæð eru 199 milljónir króna sem hafa ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðsstreymi samstæðunnar. Á móti kemur að skuld vegna fjárfestinga sem var til staðar í árslok 2021 upp á 331 milljón króna hefur verið greidd að stærstum hluta eða 251 milljón króna og kemur sú greiðsla til hækkunar á keyptum varanlegum rekstrarfjármunu í sjóðsstreymi samstæðunnar.

21. Leigusamningar

Mjólkursamsalan hefur gert leigusamning við Ámundarkinn ehf. um leigu á Hnjúkabyggð 34 á Blönuduósi til ársloka 2029 sem hægt er að framlengja tvö ár í senn. Leigusamningurinn er bundinn byggingarvísitölu og er tveggja ára gagnkvæmur uppsagnafrestur. Greidd leiga á árinu 2022 var 23 milljónir króna (2021: 21,2 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2023, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2022, eru 24,1 milljón króna.

Mjólkursamsalan hefur einnig gert tvo húsaleigusamninga við Árfoss ehf. um leigu á Austurvegi 69 á Selfossi. Annar samningur gildir til 31. maí 2026 sem hægt er að framlengja í eitt ár í senn en hinn er ótímabundinn. Báðir húsaleigusamningarnir eru bundnir byggingarvísitölu og hafa eins árs gagnkvæman uppsagnafrest. Greidd leiga á árinu 2022 var 19,9 milljónir króna (2021: 16,7 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2023, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2022, eru 29,3 milljónir króna.

Að auki er Mjólkursamsalan með húsaleigusamning við Svagrund ehf. um leigu á neðri hæð Njarðarnes 10 á Akureyri til ársloka 2023 sem hægt er að framlengja. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs. Greidd leiga á árinu 2022 var 8,2 milljónir króna (2021: 7,7 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2023, uppreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs í desember 2022, eru 8,6 milljónir króna.

Að lokum er Mjólkursamsalan með húsaleigusamning við Jökulberg ehf. um leigu á Lynghálslí 2 í Reykjavík til 31. mars 2027. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Greidd leiga á árinu 2022 var 17,6 milljónir króna (2021: 0 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2023, uppreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs í desember 2022, eru 24,2 milljónir króna.

Leigusamningarnir hér að ofan eru allir færðir meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikning samstæðunnar.

Taflan hér að neðan sýnir samningsbundnar lágmarksleigugreiðslur þar sem félagið er leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

	31.12.2022	31.12.2021
Innan árs	86.717	46.957
Á ári 2	86.717	46.957
Á ári 3	86.717	46.957
Á ári 4	69.314	46.957
Á ári 5	30.162	36.884
	359.627	224.710

Samanlagðar fjárhæðir eftir lengri tíma en fimm ár eru ekki settar fram í töflunni hér að ofan en allar forsendur til að reikna út leigugreiðslur fyrir það tímabil eru settar fram hér að ofan.

22. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Veðsetningar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings greinast þannig á eignarflokka:

	Bókfært verð veðsettra eigna	Fjárhæð skulda
Lán með veði í fasteignum	2.369.314	1.020.510
Lán með veði í birgðum og viðskiptakröfum	7.103.795	190.833
Lán með veði í öllum eignum félagsins	18.632.107	2.970.000
Lán með veði í eignarhlut Icelandic Provisions Inc.	156.280	169.846

23. Þóknun til endurskoðenda

	2022	2021
Endurskoðun ársreiknings	20.335	24.272
Önnur þjónusta	21.114	7.845
	41.449	32.117

24. Reikningsskilaaðferðir

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninn sinn af fjárfestingunni. Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort yfirráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keyþra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld, sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu, eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur, sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna, er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkunarir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins, sem tilheyrir þeirri eign, færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Eignir, þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu, eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri og er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa, hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn nýtingartíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningasskilareglur og skulu þær sæta árlegu virðisrýrnunarprófi eða oftast ef vísbendingar um virðisrýrnun hafa komið fram. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitid hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Auðhumla

Auðhumla svf. („félagið“) er samvinnufélag í eigu um 500 mjólkurframleiðenda um land allt. Félagið er rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Auðhumla nær yfir allt Ísland að undanskildum Skagafirði. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka við mjólk frá félagsmönnum og umbreyta í mjólkurafurðir sem seldar eru á markaði á Íslandi og erlendis. Þá er félaginu heimilt að reka hverja þá starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsmenn þess. Félaginu er meðal annars heimilt að stofna dótturfélög um starfsemi sína. Jafnframt er félaginu heimilt að fela utanaðkomandi aðila hluta af verkefnum sínum. Tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að:

- Reka afurðastöðvar (mjólkurbú)
- Stunda öflugt og skilvirkt sölu- og markaðsstarf með framleiðsluvörum félagsins og aðrar vörur eftir því sem henta þykir
- Vera aðili að Mjólkursamsölunni ehf.
- Vera aðili að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
- Leiðbeina félagsmönnum um meðferð mjólkur
- Annast flutninga í eigin þarfir, fyrir félagsmenn og aðra
- Annast rekstur og umsýslu fasteigna
- Nýta þekkingu og aðstöðu félagsins til að skapa því aukinn arð af starfseminni innanlands sem utan

Félagið er með höfuðstöðvar að Austurvegi 65, Selfossi.

„Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnunar ehf. („MS“) með 85% eignarhlut, sem er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi. MS er leiðandi fyrirtæki í matvælaíðnaði á Íslandi. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda.“

Umhverfismál

Félagið einsetur sér í allri starfsemi sinni, allt frá söfnun mjólkur frá framleiðendum til framleiðslu og dreifingar fullunninnar vöru til viðskiptavina, að starfa í sátt við umhverfi sitt og náttúru landsins hverju sinni. Með umhverfisstefnu sinni leitast félagið við að endurspegla umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðiskeðjunnar og leggja þar með ríka áherslu á bestu umgengni okkar til verndar umhverfinu og náttúru landsins. Til að ná sem bestum árangri í umgengni við umhverfi og lífríki, leggur félagið megináherslu á eftirtalda þætti sem tengjast umhverfisvernd með beinum hætti:

Loflagsmál

Félagið leitast við að spara orku í starfsemi sinni, en um leið að nota eins umhverfisvæna orku og kostur er sem framleidd er með sjálfbærum hætti.

Vatnsverndar- og frárennismál

Rekstur afurðastöðva í mjólkurvinnslu krefst mikillar vatnsnotkunar. Því er brýnt að hafa nægan aðgang að góðu og heilnæmu neysluvatni sem stenst allar kröfur sem til þess eru gerðar. Til að svo megi vera er því jafn nauðsynlegt að umgangast aðgengi okkar að neysluvatni sem auðlind sem við þurfum að gæta að og varðveita.

Umbúðir, aðfanganotkun og fastur úrgangur

Auk þess að reyna að lágmarka alla aðfanganotkun í starfseminni, þá leggur félagið áherslu á: Að allar ytri umbúðir verði margnota, þar sem því verður við komið. Að þær umbúðir sem eru í beinni snertingu við vöruna, og eru ekki endurnýtanlegar, verði framleiddar úr efnum sem eru endurnýtanleg. Þær umbúðir verði jafnframt framleiddar úr eins umhverfisvænum efnum og kostur er og efnisnotkun og samsetning þeirra þannig gerð að þær falli vel að sorphlokkun. Að allt það sorp sem fellur til hjá starfsstöðvum félagsins og afhendist til endurvinnslustöðva verði flokkað eftir þeim viðmiðum og reglum sem viðkomandi endurvinnslustöðvar vinna eftir hverju sinni. Rík áhersla verði lögð á sorphlokkun.

Gæða- og matvælaöryggi

Lögð er sú áhersla á félagið að það tryggi viðskiptavinum sínum aðgang að öruggum og heilnæmum matvælum. Í þeim tilgangi vinnur félagið með skipulögðum hætti að eftirfarandi áherslu- og starfsþáttum:

Mjólkurframleiðsla hjá kúabændum

Félagið grundvallar starfsemi sína á móttöku og vinnslu fyrsta flokks hráefnis sem ávallt er framleitt við bestu mögulegu aðstæður. Til viðbótar þeim opinberu kröfum, sem fram koma í lögum og reglum um aðstæður til framleiðslu matvæla, þá vinnur félagið skipulega að því að allir mjólkurframleiðendur, sem leggja inn mjólk hjá félaginu og samstarfsaðilum, uppfylli kröfur um öll þau viðmið og skilyrði sem ná yfir eftirtalda þætti í mjólkurframleiðslu á kúabúum: matvælaöryggi við framleiðslu, dýravelferð og umgengni og ásýnd kúabúa.

Úrvinnsla mjólkur og framleiðsla mjólkurvara

Við söfnun og móttöku mjólkur, og úrvinnslu hennar við framleiðslu mjólkurvara, er stefna félagsins að tryggja matvælaöryggi með því að uppfylla opinberar kröfur, lög og reglugerðir og styðjast ávallt við bestu framleiðslutækni og traustan framleiðslubúnað sem skilar hámarks gæðum og stuðlar að sem mestu framleiðsluöryggi. Gæðastjórnun félagsins er samstarfsverkefni alls starfsfólks fyrirtækisins og lögð er áhersla á hvatningu, þjálfun, gott upplýsingastreymi og að skapa góðan vinnustað.

Gæðaeftirlit og rannsóknir

Til að skapa góðan grundvöll að traustum starfsþáttum er reglubundið fylgst með hverjum þætti virðisheðjunnar, allt frá mjólkurframleiðendum til fullunninnar vöru sem tilbúin er til afhendingar til neytenda. Til að ná þessum markmiðum tryggir félagið: Að til staðar sé vottað gæðakerfi í öllum starfsstöðvum félagsins og að það nái yfir alla virðisheðjuna, allt frá hráefnismóttöku frá framleiðendum, innra eftirlit með framleiðslu mjólkurvara og til afhendingar fullunninnar vöru til viðskiptavina. Að í fyrirtækinu sé ávallt til staðar viðeigandi tækjabúnaður til nauðsynlegra mælinga og rannsókna. Að góð þekking starfsfólks sé til staðar innan fyrirtækisins og reglubundin endurmenntun á sérsviði eftirlits og rannsókna fari fram.

Samfélagsleg ábyrgð

Með því að setja kröfur á birgja um gæði hráefnis samkvæmt gæðastefnu félagsins stuðlar það að dýravelferð þar sem gæði mjólkur byggjast á aðbúnaði og góðri umhirðu kúa. Að sama skapi hefur þetta einnig áhrif á matvælaöryggi.

Hollustustefna

Félagið, fyrirtæki í eigu kúabænda á Íslandi, einsetur sér að framleiða hollar og fjölbreyttar mjólkurvörur í takt við þarfir neytenda. Markmið félagsins eru þrjúþætt: Að styðja við heilbriggt lífnefni neytenda. Að auka gagnsæi um hollustu og innihald vara. Að fjölga valkostum í mjólkurvörum og draga áfram úr notkun sykurs í bragðbættum mjólkurvörum.

Lýðheilsa og heilbrigði

Félagið tekur þátt í ýmsum verkefnum þar sem það hvetur til bættar lýðheilsu og heilbrigði og er m.a. aðili að samstarfi við Beinverndarsamtökin og Íþróttakennarafélag Íslands. Einnig hefur félagið unnið með Landlækniseimbætti Íslands og birt skilaboð frá því á mjólkurfernum. Til viðbótar leggur félagið áherslu á að styðja við íþróttastarf og hvetja til hreyfingar og holls mataræðis.

Íslensk tunga

Félagið leggur áherslu á málrækt með því að styðja við íslenska tungu í markaðsstarfi fyrirtækisins. Félagið býður starfsfólki sínu af erlendum upp runa upp á íslenskukennslu svo þeir aðlagist samfélaginu betur og styður við verkefni sem efla íslenska tungu barna og unglinga. Félagið styður við íslenska ferðaþjónustu með því að fræða neytendur um íslenska náttúru á mjólkurfernum.

Frumkvöðlastarfsemi

Félagið stuðlar að því að efla íslenskt atvinnulíf með því að eiga í samstarfi við fjölmörg lítil frumkvöðlafyrirtæki.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Mannauður

Ein helsta auðlind félagsins er mannauður þess og þekkingin og reynslan sem hann býr yfir. Til að hlúa að starfsfólki hefur félagið sett fram skýra mannauðsstefnu. Velliðan og öryggi starfsfólksins er félaginu hugleikin og því hefur félagið einnig markað sér stefnu um öryggi og vinnuvernd og um forvarnir gegn einelti og kynferðislegri áreitni.

Félagið styður við fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum.

Mannauðs- og jafnréttisstefna

Mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins lýsir hvernig fyrirtækið sér fyrir sér þróun mannauðsmála hjá fyrirtækinu. Hún hefur þann tilgang að vísa félaginu veginn þannig að afstaða fyrirtækisins í mikilvægum málaflokkum tengdum starfsfólkinu sé skýr. Hún felur í sér ákveðin skilaboð til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar, eigenda og samfélagsins. Helstu áherslur hennar eru: Liðs- heild og gildi, ráðningar og fjölbreytni, móttaka nýliða, þjálfun og fræðsla, stjórnun og endurgjöf, öryggi og vinnuvernd, einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi, þekkingar- og upplýsingamiðlun, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og sveigjanleg starfslok.

Jafnlaunavottun

Undirbúningur jafnlaunavottunar stóð yfir á árinu og hlaut Mjólkursamsalan vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 í desember 2019. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Persónuvernd

Vegna aukinna krafna laga um persónuvernd og vinnslu upplýsinga hóf félagið vinnu við skráningu ferla gagnvart þessum auknu kröfum. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem síðan kom til framkvæmda í Evrópu þann 25. maí 2018. Þar sem vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var Ísland skuldbundið til að innleiða þessa nýju löggjöf í íslenskan rétt. Þann 15. júní 2018 tóku síðan í gildi ný lög á Alþingi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Með þessum lögum var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins leidd í íslenskan rétt.

Spilling-, mútur- og mannréttindamál

Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og til kjara- samninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða eigin undirverktakar.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillingu-, mútur- og mannréttindamál en vinna við það er komin af stað og lýkur væntanlega á árinu 2023.

